

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
Skuggasundi 1
101 Reykjavík

Reykjavík 31.01.2020

Fuglavernd fagnar því að gerð skuli landsáætlun í skógrækt (skammstöfun LSK) og þó sérstaklega að ætlunin er að meta umhverfisáhrif skógræktar! Félagið vill koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum:

Umfang skógræktar

Fuglavernd telur mikilvægt að skógrækt séu settar skýrar skorður um umfang þess lands sem lagt er undir skógrækt og tryggt sé að þessi ákvörðun sé ekki alfarið í höndum hagsmunaaðila í skógrækt. Þetta atriði ætti að koma fram í LSK og þar ætti hin endanlega sýn um umfang skóga á láglandi að vera mörkuð og ekki horft áratug fram í tímann heldur a.m.k. 100 ár. Miklir náttúruverndar hagsmunir eru í húfi varðandi landnotkun úthaga á láglandi (land neðan 400 m hæðarlínu). Nokkrar tegundir mófugla byggja afkomu sína að mestu leyti á þessum búsvæðum. Stofnar sumra þessara íslensku mófugla eru mjög stórir í alþjóðlegum samanburði og þessar tegundir eru kallaðar ábyrgðartegundir okkar Íslendinga og ekki að ósekju. Þetta eru fuglar líkt og spói, heiðlóa, lóupræll og jaðrakan, og tegundir sem nýta þessi búsvæði til fæðuöflunar líkt og fálki. Ljóst er að skógrækt spillir búsvæðum þessara fugla varanlega og mun að öllum líkindum leiða til fækkunar í stofnum þeirra fari fram sem horfir.

Í þessu samhengi vill Fuglavernd benda á mikilvægi þess að gera heildstæða rammaáætlun um landnotkun, en skógrækt er ein gerð landnotkunar. Áður hefur verið bent á nauðsyn þess á opinberum vettvangi, en í skýrslunni „*Vernd, velferð og veiðar villtra fugla og spendýra. Lagaleg og stjórnsýsluleg staða og tillögur um úrbætur*“

(https://www.stjornarradid.is/media/umhverfisraduneyti-media/media/pdf_skrar/vernd-velferd-og-veidar-loka-8-mai-2013.pdf) kemur fram á bls. 83 að: „*Nauðsynlegt er að gera rammaáætlun fyrir landnotkun og varðveislu búsvæða villtra dýra á landsmælikvarða að undangenginni flokkun búsvæða/vistgerða og rannsókna á búsvæðavali tegunda t.d. í samræmi við leiðbeiningar vistgerðartilskipunarinnar. Slík áætlun er t.d. nauðsynleg svo hægt sé að meta og ákveða hversu stórt heildarflatarmál búsvæða einstakra tegunda í landinu ætti að vera óraskað með hliðsjón af markmiðum um stofnstærðir (sjá kafla 5 og 6.2). Aðrar áætlanir sem taka til landnotkunar, s.s. náttúruverndaráætlun, rammaáætlun um orkunýtingu og landsskipulag búa ekki yfir nægri nákvæmni hvað varðar skilgreiningu búsvæða og vernd heildarflatarmáls til að hægt sé að byggja á þeim vernd búsvæða og dýralífs, en slíkar áætlanir þyrftu tvímælalaust að hafa stoð í vandaðri rammaáætlun um landnotkun og búsvæði. Áætlunin ætti að hafa sterka tilvísun í lögum, t.d. lögum um náttúruvernd (44/1999), skipulagslögum (123/2010) og öðrum lögum sem fjalla um landbreytingar, en víða í lögum skortir vægi til að fylgja eftir ágætum markmiðum laga um vernd búsvæða og náttúru.*“

Sátt um hugtakið „líffræðileg fjölbreytni“ (t.d. bls. 2)

Fram kemur að eitt af markmiðum LSK sé að „vernda og endurheimta líffræðilega fjölbreytni“, og gera skuli grein fyrir „skógrækt í samhengi líffræðilegrar fjölbreytni“. Gífurlega mikilvægt er að allir hafi sama skilning á notkun og áhrifum þessa hugtaks. Lagt hefur verið til að skilgreina líffræðilegra fjölbreytni á eftirfarandi hátt (bls. 51 hér:

https://www.stjornarradid.is/media/umhverfisraduneyti-media/media/pdf_skrar/vernd-velferd-og-veidur-2013.pdf): „Líffræðileg fjölbreytni: Breytileiki meðal lífvera á öllum stigum lífríkis, þar með talin öll vistkerfi á landi, í sjó og ferskvatni og vistfræðileg tengsl þeirra. Hugtakið nær til fjölbreytni innan tegunda, milli tegunda og fjölbreytni vistkerfa.“ Í þessu samhengi skiptir miklu máli hvaða landfræðilegur mælikvarði er notaður. Líta ber á alla jörðina sem eina heild, þar sem markmiðið er að vernda fjölbreytileika hennar á heimsvísu. Að þessu sögðu er mikilvægt að hafa í huga að hægt er að auka fjölbreytni á smáum landfræðilegum skala, t.d. með framandi tegundum (ef eingöngu er litið á heildarfjölda tegunda á viðkomandi stað), en slík aðgerð gæti haft neikvæð áhrif á fjölbreytni á stærri skala ef gengið er á náttúruleg vistkerfi eða innlendar tegundir með aðgerðinni. Í LSK þarf að koma skýrt fram hvað nákvæmlega sé átt við með notkun hugtaksins.

Stöðugreining/grunnástand (sbr. bls. 4-5)

Fuglavernd les í drögum að LSK að Náttúruminjasrá skuli verða höfð til „hliðsjónar“ líkt og það er orðaá. Þessu ber að fagna en Fuglavernd telur að hér megi taka sterkar til orða og að Náttúruminjasrá skuli vera notuð til að útiloka svæði frá skógrækt. Eins krefst Fuglavernd þess að listi yfir mikilvæg fuglasvæði (sjá <https://www.ni.is/dyr/fuglar/mikilvaeg-fuglasvaedi>) og flokkun vistgerða (sjá <https://www.ni.is/grodur/vistgerdir>) verði notuð í þessari vinnu við að velja land til skógræktar. Jafnframt er það krafa Fuglaverndar að AEWA samningurinn verði listaður upp meðal þeirra alþjóðlegu samninga sem ber að taka tillit til við LSK. Jafnframt að tillögur AEWA varðandi skógrækt á Íslandi verði teknar til greina við LSK (sjá <https://www.unep-aewa.org/en/document/bern-convention-recommendation-no-190-2016-conservation-natural-habitats-and-wildlife>). Fuglavernd hvetur jafnframt til að í LSK verði tekið tillit til þeirra vinnu sem er í gangi varðandi nýju „villidýralögin“ og þá umfjöllun sem svokallaðar „ábyrgðartegundir“ fá þar (sjá [https://samradsgatt.island.is/oll-mal/\\$Cases/Details/?id=2559](https://samradsgatt.island.is/oll-mal/$Cases/Details/?id=2559)) og um stefnumótun varðandi líffræðilega fjölbreytni (sjá <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2020/01/10/Vinna-vid-nyja-stefnumotun-fyrir-liffraedilega-fjolebreytni-ad-hefiast/>).

Samráð (bls.8)

Fuglavernd telur eðlilegt að einnig verði haft samráð við Líf- og umhverfisvísindadeild Háskóla Íslands og náttúrustofur (Samtök náttúrustofa).

Skógrækt og umhverfismat (bls. 9-12)

Fuglavernd fagnar því sérstaklega að ætlunin sé að reyna að meta umhverfisleg áhrif skógræktar. Slíkt hefur aldrei verið gert! Hins vegar undrast félagið þau viðmið sem á að nota við umhverfismatið sbr. 2. tafla. Þessi viðmið eru öll á forsendum skógræktar og taka ekki tillit til náttúruverndar. Jafnframt vill félagið benda á að frekar beri að tala um „framandi tegundir“ (enska „alien species“) en „innfluttar tegundir“ (sjá bls. 9). Mikilvægt er að fjalla um í matinu þær hættur sem stafa af „ágengum framandi tegundum“ (enska „invasive alien species“) og mikilvægi þess að nota ekki slíkar tegundir í skógrækt. Fuglavernd telur að eftir fremsta magni ætti eingöngu að nota innlendar tegundir við skógrækt, þar sem framandi tegundir sem ekki teljast ágengar í dag gætu hæglega orðið

Það síðar að loknum tregðufasa sem flestar framandi tegundir ganga í gegnum, eða vegna loftlagsbreytinga. Sú einsleitni sem fylgir ræktuðum skógum getur verið ógn við svæðis- og landsbundin sérkenni og þeirri líffræðilegu fjölbreytni sem á þeim byggir. Jafnframt ættu þær kröfur að fylgja skógrækt að þeir sem að henni standa á hverjum stað tryggi að þær framandi tegundir sem þar eru notaðar berist ekki út fyrir hinn ræktaða skóg.

Þá vill Fuglavernd benda á að ekki sé nægjanlegt að líta til umhverfisvísisins „Notkun fólks á skógum til útivistar“ við einkunnagjöf (bls. 10), heldur þarf einnig til samanburðar að skoða notkun fólks á öðrum svæðum þar sem **ekki** er að finna skóg, en komið hefur verið upp aðstöðu og innviðum til útivistar (s.s. bílastæðum, áningarstöðum, göngustígum, fræðsluskiltum, salernum o.s.frv.). Mikilvægt er að gera sér grein fyrir notkun fólks á náttúru til útivistar almennt séð, svo hægt sé að skoða hlutfallslega notkun þeirra á skóglendi og hversu mikilvægur sá þáttur sé í raun og veru í heildarsamhengi.

Fram kemur í skjalinu til umsagnar að „Áhersla verður á að byggja niðurstöður matsins á ritrýndum rannsóknnum en forðast að byggja á lítt studdum skoðunum“ (bls. 10). Þetta er góð áhersla svo langt sem hún nær, en nauðsynlegt er þó einnig að taka fram hvernig túlka skuli vafa í þeim tilfellum sem ekki liggja fyrir rannsóknir eða gögn sem hægt er að styðjast við. Í anda varúðarreglunnar ætti í slíkum tilfellum ávallt að túlka allan vafa náttúrunni í hag, þ.e. að innlendar tegundir, innlend vistkerfi og náttúrulegir ferlar njóti vafans. Að þessu sögðu ætti því ekki að ráðast í breytingar á vistkerfum með skógrækt þó ekki liggi fyrir vísindagögn um áhrif þess, heldur þvert á móti bara ráðast í skógrækt ef sannað er með vísindalegum aðferðum að slík aðgerð hafi ekki óásættanleg neikvæð áhrif.

Verndaráætlun mófugla

Það má öllum vera ljóst að til lengri tíma litið er verndarstaða íslenskra mófugla bág. Það er mat Fuglaverndar að samhliða þreifingum líkt og hér er lýst með LSK beri að vinna verndaráætlun fyrir íslenska mófugla. Þannig verða möguleikar á því bæði að meta ógnina sem fyrir hendi er og eins að bregðast við henni.

Verndargildi vistgerða og válisti vistgerða

Það er mikilvægt að mati Fuglaverndar að samhliða LSK verði lagt mat á verndargildi vistgerða fyrir fuglalíf (sbr. hér ofan um vistgerðir) og líka að vinna válista vistgerða. Jafnframt að þessar niðurstöður verði hluti af þeim forsendum sem ráða vali á skógræktarsvæðum.

Fuglavernd

F. hönd stjórnar Fuglaverndar

Hólmfríður Arnardóttir, framkvæmdastjóri